

## Afkoma Kaupþings banka hf. á fyrri helmingi ársins 2007

### Hagnaður eftir skatta 46,8 milljarðar króna

- ◆ Hagnaður hluthafa eftir skatta á fyrri helmingi ársins jókst um 43,8%, í 45,8 milljarða króna miðað við sama tímabil árið 2006.
- ◆ Arðsemi eigin fjár á fyrri helmingi ársins var 32,0% á ársgrundvelli og hagnaður á hlut 62,2 krónur (47,9 krónur á sama tímabili 2006)
- ◆ Hagnaður hluthafa eftir skatta á öðrum ársfjórðungi jókst um 95,5%, í 25,5 ma.kr. miðað við sama tímabil árið 2006.
- ◆ Rekstrartekjur á öðrum ársfjórðungi jukust um 66,8%, námu 51,8 mö. kr.
- ◆ Hreinar vaxtatekjur á öðrum ársfjórðungi jukust um 38,0%, námu 19,8 ma.kr.
- ◆ Hreinar þóknatekjur á öðrum ársfjórðungi jukust um 65,4%, námu 15,2 mö.kr.
- ◆ Rekstrarkostnaður á öðrum ársfjórðungi jókst um 28,5%, í 19,0 ma.kr.
- ◆ Kostnaðarhlutfall á öðrum ársfjórðungi var 36,7%
- ◆ Bankinn bókar 4,3 ma.kr. hagnað vegna sölu á dótturfélagi sínu, Eik fasteignafélag hf. á öðrum ársfjórðungi
- ◆ Heildareignir námu 4.570,4 milljörðum króna í lok júní 2007 – jukust um 23,3% á föstu gengi frá áramótum, en um 12,7% í íslenskum krónum

#### Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri

„Rekstur Kaupþings banka gekk mjög vel á öðrum ársfjórðungi og allar megin starfstöðvar bankans skila góðri afkomu. Mikil aukning þóknatekna einkennir þetta uppgjör og jafnframt er góður vöxtur í hreinum vaxtatekjum. Ánægjulegt er að sjá hve innlán hjá bankanum hafa aukist það sem af er árinu en þau nema nú 46% af heildarútlánunum. Við erum að sjá afrakstur mikillar vinnu í Bretlandi skila sér með algerum viðsnúningi í rekstri KSF og þá gengur rekstur allra helstu afkomueininga bankans betur en áætlanir gerðu ráð fyrir. Jafnframt er verkefnastaða bankans góð og auk þess sem horfur út árið eru góðar.“

#### Lykiltölur

Milljarðar ISK	Jan-jún 2007	Jan-jún 2006	Breyting	2. ársfj. 2007	1. ársfj. 2007	Breyting	2. ársfj. 2007	2. ársfj. 2006	Breyting
Rekstrartekjur	95,9	66,5	44%	51,8	44,1	18%	51,8	31,1	67%
Rekstrarkostnaður	36,7	27,4	34%	19,0	17,7	7%	19,0	14,8	28%
Hagnaður hluthafa	45,8	31,8	44%	25,5	20,3	26%	25,5	13,0	96%
Kostnaðarhlutfall	38,3%	41,1%		36,7%	40,2%		36,7%	47,7%	
Hagnaður á hlut, ISK	62,2	47,9	30%	34,6	27,4	26%	34,6	19,6	76%
Arðsemi eigin fjár	32,0%	36,2%		36,6%	27,6%		36,6%	26,7%	

## Rekstrarreikningur

Milljónir króna	2. ársfj. 2007	1. ársfj. 2007	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006	2. ársfj. 2006	1. ársfj. 2006
Hreinar vaxtatekjur	19.849	16.265	14.806	12.687	14.384	10.484
Hreinar þóknatekjur	15.189	12.337	11.866	7.632	9.184	8.602
Gengishagnaður	10.772	13.456	12.003	37.256	-2.607	13.505
Aðrar tekjur	5.996	2.002	2.241	2.210	10.102	2.860
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>51.807</b>	<b>44.059</b>	<b>40.915</b>	<b>59.785</b>	<b>31.064</b>	<b>35.451</b>
Laun og launatengd gjöld	-11.833	-10.534	-10.572	-7.315	-8.263	-7.420
Annar rekstrarkostnaður	-7.184	-7.173	-8.274	-6.488	-6.542	-5.133
<b>Heildargjöld</b>	<b>-19.017</b>	<b>-17.707</b>	<b>-18.846</b>	<b>-13.803</b>	<b>-14.805</b>	<b>-12.553</b>
Virðisrýrnun	-1.075	-1.423	-1.637	-2.820	-961	-710
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>31.715</b>	<b>24.929</b>	<b>20.433</b>	<b>43.163</b>	<b>15.299</b>	<b>22.188</b>
Tekjuskattur	-5.653	-4.236	-1.793	-7.630	-2.618	-2.595
<b>Hagnaður</b>	<b>26.062</b>	<b>20.694</b>	<b>18.640</b>	<b>35.533</b>	<b>12.680</b>	<b>19.593</b>
Hagnaður hluthafa	25.484	20.281	18.077	35.393	13.035	18.798
Hlutdeild minnihluta	578	413	564	140	-354	796
Hagnaður á hlut	34,6	27,4	26,1	53,4	19,6	28,3

## Efnahagsreikningur

Milljarðar króna	30.6.07	31.12.06		30.6.07	31.12.06
Sjóður og innst. í Seðlabanka	145	107	Skuldir við lánastofnanir	170	110
Kröfur á lánastofnanir	684	485	Innlán	1.210	751
Útlán til viðskiptamanna	2.609	2.539	Veltufjárskuldir á gangverði	111	71
Skuldabréf og aðrar vaxtab. eignir	400	318	Lántaka	2.375	2.400
Hlutabréf og eignir m/breytil. tekjum	141	159	Víkjandi lán	224	216
Afleiður	68	65	Skattskuld	24	23
Afleiðusamn. v/áhættuvarna	6	6	Aðrar skuldir	122	149
Verðbréf á móti samningum	247	116	Hlutdeild minnihluta	10	11
Fjárf. í hlutdeildarfélagum	51	5	Eigið fé hluthafa	324	324
Óefnislegar eignir	63	68			
Fjárfestingaeignir	16	32			
Rekstrarfjármunir	28	30			
Skatteign	6	6			
Aðrar eignir	106	118			
<b>Eignir samtals</b>	<b>4.570</b>	<b>4.055</b>	<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>4.570</b>	<b>4.055</b>

## Afkomusvið - yfirlit

Janúar - júní 2007

Milljónir króna	Markaðs- viðskipti	Fyrirtækja- ráðgjöf	Fjárfstýring	Bankasvið	Eignastýring og Einka- bankaþj.	Jöfnunar- færslur og önnur svið	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	-41	-2.045	9.312	29.114	532	-758	36.115
Hreinar þóknatekjur	10.843	7.250	73	2.796	6.489	74	27.525
Gengishagnaður	16.441	5.651	809	216	151	959	24.228
Aðrar tekjur	98	30	111	3.176	-54	4.638	7.998
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>27.341</b>	<b>10.887</b>	<b>10.306</b>	<b>35.302</b>	<b>7.118</b>	<b>4.913</b>	<b>95.866</b>
Gjöld	-5.218	-1.847	-2.261	-9.160	-3.674	-14.564	-36.724
Virðisrýrnun	1	0	6	-2.507	0	1	-2.498
<b>Heildargjöld</b>	<b>-5.216</b>	<b>-1.847</b>	<b>-2.255</b>	<b>-11.666</b>	<b>-3.674</b>	<b>-14.563</b>	<b>-39.222</b>
<b>Framlegð</b>	<b>22.125</b>	<b>9.040</b>	<b>8.050</b>	<b>23.635</b>	<b>3.443</b>	<b>-9.650</b>	<b>56.644</b>
Útdeildur kostnaður	-2.054	-782	-1.102	-4.706	-2.005	10.649	0
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>20.071</b>	<b>8.258</b>	<b>6.949</b>	<b>18.929</b>	<b>1.438</b>	<b>999</b>	<b>56.644</b>

Námundun fjárhæða getur leitt til þess að fjárhæðir í töflum í þessari afkomutilkynningu stemmi ekki.

## Rekstrarreikningur

### Áhrif styrkingar íslensku krónunnar á uppgjör bankans

Starfrækslugjaldmiðill Kaupþings banka hf. (Kaupþings) er íslensk króna. Á fyrri ársþelmingi 2007 styrktist íslenska krónan um 11,8%. Styrking krónunnar dregur því úr raunverulegum vexti tekna og gjalda, sem og eigna og skulda það sem af er árinu.

### Hagnaður

Hagnaður Kaupþings á fyrri þelmingi ársins 2007 fyrir tekjuskatt nam 56.644 m.kr. samanþorið við 37.487 m.kr. hagnað á sama tímabili árið 2006. Hagnaður hluthafa á fyrri þelmingi ársins nam 45.765 m.kr. samanþorið við 31.832 m.kr. hagnað á sama tímabili í fyrra, sem er 43,8% aukning. Hagnaður á hlut á fyrri þelmingi ársins var 62,2 krónur samanþorið við 47,9 krónur á fyrri þelmingi ársins 2006.

Hagnaður Kaupþings á öðrum ársþjórðungi 2007 fyrir tekjuskatt nam 31.715 m.kr. samanþorið við 15.299 m.kr. hagnað á öðrum ársþjórðungi 2006. Hagnaður hluthafa á öðrum ársþjórðungi 2007 nam 25.484 m.kr. samanþorið við 13.035 m.kr. hagnað á öðrum ársþjórðungi 2006, sem er 95,5% aukning. Hagnaður á hlut á öðrum ársþjórðungi 2007 var 34,6 kr. samanþorið við 19,6 kr. á öðrum ársþjórðungi 2006.

### Tekjur

Rekstrartekjur á fyrri þelmingi ársins 2007 námu samtals 95.866 m.kr. og jukust um 44,1% miðað við sama tímabil árið 2006. Rekstrartekjur á öðrum ársþjórðungi 2007 námu samtals 51.807 m.kr. og jukust um 66,8% miðað við sama tímabil árið 2006.

Hreinar vaxtatekjur á fyrri þelmingi ársins námu 36.115 m.kr. og jukust um 45,2% miðað við sama tímabil 2006. Hreinar vaxtatekjur á öðrum ársþjórðungi 2007 námu 19.849 m.kr. og jukust um 38,0% miðað við sama tímabil 2006. Þessi aukning skýrist einkum af vaxandi útlánasafni, auknu lausafé og af hærri vaxtamun hjá bankanum sem myndast vegna hagkvæmari fjármögnunar bankans.

Vaxtamunur, eða vaxtatekjur að fráðregnum vaxtagjöldum sem hlutfall af meðalstöðu vaxtaberandi eigna, var 1,87% á fyrri þelmingi ársins 2007, samanþorið við 1,80% á fyrri þelmingi ársins 2006. Eftirfarandi tafla sýnir hreinar vaxtatekjur skiptar niður eftir landsvæðum:

Milljónir króna	Jan-júní 2007	Jan-júní 2006	Breyting	Milljónir króna	2. ársþj. 2007	2. ársþj. 2006	Breyting
Ísland	12.479	7.925	57%	Ísland	7.827	5.620	39%
Skandinavía	9.870	7.802	27%	Skandinavía	4.748	4.177	14%
Bretland	9.698	6.284	54%	Bretland	5.207	3.148	65%
Lúxemborg	3.240	2.285	42%	Lúxemborg	1.731	1.126	54%
Önnur lönd	828	573	45%	Önnur lönd	337	313	8%
<b>Samtals</b>	<b>36.115</b>	<b>24.869</b>	<b>45%</b>	<b>Samtals</b>	<b>19.849</b>	<b>14.384</b>	<b>38%</b>

Vaxtaálag, reiknaðir meðaltalsvextir vaxtaberandi eigna að fráðregnum meðaltalsvöxtum vaxtaberandi skulda) var 1,94% á fyrri þelmingi ársins 2007, þorið saman við 1,87% á fyrri þelmingi ársins 2006.

Hreinar þóknatekjur á fyrri þelmingi ársins námu samtals 27.525 m.kr. og jukust um 54,8% miðað við sama tímabil í fyrra. Hreinar þóknatekjur á öðrum ársþjórðungi 2007 námu samtals 15.189 m.kr. og jukust um 65,4% miðað við annan ársþjórðung 2006. Almenn aukning umsvifa hjá bankanum á öllum markaðssvæðum auk hagstæðra markaðsskilyrða skýra þessa aukningu. Eftirfarandi tafla sýnir hreinar þóknatekjur skiptar niður eftir landsvæðum:

Milljónir króna	Jan-júní 2007	Jan-júní 2006	Breyting	Milljónir króna	2. ársþj. 2007	2. ársþj. 2006	Breyting
Ísland	10.668	6.336	68%	Ísland	5.708	3.179	80%
Skandinavía	3.626	2.826	28%	Skandinavía	1.871	1.212	54%
Bretland	9.418	4.971	89%	Bretland	5.509	2.753	100%
Lúxemborg	3.163	2.521	25%	Lúxemborg	1.634	1.128	45%
Önnur lönd	650	1.132	-43%	Önnur lönd	466	912	-49%
<b>Samtals</b>	<b>27.525</b>	<b>17.786</b>	<b>55%</b>	<b>Samtals</b>	<b>15.189</b>	<b>9.184</b>	<b>65%</b>

*Gengishagnaður* á fyrri helmingi ársins, sem felur í sér tekjur vegna arðgreiðslna, hagnað vegna eigna eða skulda sem metnar eru á gangvirði sem og þeirra sem ekki eru metnar á gangvirði og hagnað vegna gengishagnaðar af myntum, nam 24.228 m.kr. og jókst um 13.330 m.kr. miðað við sama tímabil í fyrra. Gengishagnaður á öðrum ársfjórðungi 2007 nam 10.772 m.kr. en 2.607 m.kr. gengistap var á öðrum ársfjórðungi 2006. Arðgreiðslur til bankans má einkum rekja til hlutfjáreignar bankans í íslenskum og skandinavískum fyrirtækjum. Gengishagnaður fjáreigna greinist á eftirfarandi landsvæði:

<b>Janúar - júní 2007</b>	Ísland	Skandinavía	Bretland	Lúxemborg	Annað	Samtals
Hagnaður af skuldabréfum á gangvirði	743	9	260	-229	0	<b>783</b>
Hagnaður af hlutabréfum á gangvirði	6.059	9.142	2.859	82	-42	<b>18.100</b>
Tap af afleiðusamningum	-1.488	208	242	923	0	<b>-115</b>
Hagnaður af áhættuvarnasamningum	0	389	4	0	0	<b>393</b>
<b>Samtals</b>	<b>5.314</b>	<b>9.749</b>	<b>3.365</b>	<b>776</b>	<b>-42</b>	<b>19.161</b>
Arðstekjur	1.997	2.991	41	34	4	<b>5.067</b>
<b>Gengishagnaður samtals</b>	<b>7.311</b>	<b>12.740</b>	<b>3.405</b>	<b>810</b>	<b>-38</b>	<b>24.228</b>

<b>2. ársfjórðungur 2007</b>	Ísland	Skandinavía	Bretland	Lúxemborg	Annað	Samtals
Hagnaður af skuldabréfum á gangvirði	885	-503	114	-212	0	<b>284</b>
Hagnaður af hlutabréfum á gangvirði	3.756	67	2.219	8	11	<b>6.061</b>
Hagnaður af afleiðusamningum	421	231	-169	449	0	<b>932</b>
Hagnaður af áhættuvarnasamningum	0	283	3	0	0	<b>286</b>
<b>Samtals</b>	<b>5.062</b>	<b>78</b>	<b>2.167</b>	<b>245</b>	<b>11</b>	<b>7.563</b>
Arðstekjur	718	2.441	18	29	4	<b>3.209</b>
<b>Gengishagnaður samtals</b>	<b>5.780</b>	<b>2.519</b>	<b>2.184</b>	<b>274</b>	<b>15</b>	<b>10.772</b>

*Aðrar tekjur* námu 7.998 m.kr. á fyrri helmingi ársins 2007, en þær námu 12.962 m.kr. á sama tímabili árið 2006. Til annarra tekna telst einkum hagnaður bankans af sölu á dótturfélaginu Eik fasteignafélag hf. í byrjun apríl sem nam 4.262 m.kr. fyrir tekjuskatt. Að auki teljast hagnaður hlutdeildarféлага að fjárhæð 757 m.kr. og tekjur af rekstrarleigusamningum hjá Kaupthing Singer & Friedlander að fjárhæð 2.269 m.kr. meðal annarra tekna. Lækkun annarra tekna á fyrri helmingi ársins 2007 miðað við fyrri helming ársins 2006 skýrist af hagnaði af sölu bankans á öllum eignarhlut sínum í VÍS eignarhaldsfélagi hf (VÍS) sem var bókaður þá.

## Gjöld

Rekstrarkostnaður á fyrri helmingi ársins nam 36.724 m.kr. og jókst um 34,2% miðað við sama tímabil 2006. Rekstrarkostnaður á öðrum ársfjórðungi 2007 (heildarútgjöld) nam 19.017 m.kr. og hækkaði um 28,5% miðað við annan ársfjórðung 2006. Hækkunin milli ára skýrist einkum af umtalsverðri fjölgun starfsmanna bankans og almennrar aukningar í umsvifum bankans. Hlutfall rekstrarkostnaðar af tekjum á öðrum ársfjórðungi 2007 og var 36,7% og lækkar miðað við annan ársfjórðung 2006 þegar það var 47,7%.

*Launakostnaður* bankans á fyrri helmingi ársins nam 22.367 m.kr. og jókst um 42,6% frá sama tímabili í fyrra. Launakostnaður bankans á öðrum ársfjórðungi 2007 nam 11.833 m.kr. og jókst um 43,2% miðað við annan ársfjórðung 2006. Hækkun launakostnaðar á milli ára skýrist einkum af mikilli fjölgun starfsmanna og af árangurstengdum greiðslum í tengslum við góðan rekstrarárangur á tímabilinu. Í lok annars ársfjórðungs voru alls 2.970 stöðuigildi hjá samstæðunni samanborið við 2.568 í lok annars ársfjórðungs 2006. Starfsmönnum bankans fjölgaði því um 402 á milli ára eða sem nemur 15,6%.

*Annar rekstrarkostnaður* nam 11.002 m.kr á fyrri helmingi ársins og jókst um 2.357 m.kr. miðað við sama tímabil á árinu á undan. Annar rekstrarkostnaður nam 5.487 m.kr á öðrum ársfjórðungi og jókst um 591 m.kr. miðað við annan ársfjórðung 2006 eða 12,1%. Almenn aukning umsvifa hjá flestum starfsstöðvum bankans skýrir að mestu aukningu annars rekstrarkostnaðar.

*Virðisrýrnun útlána* nam 2.498 m.kr. á fyrri helmingi ársins samanborið við 1.671 m.kr. á fyrri helmingi ársins 2006. Aukning virðisrýrnunar útlána skýrist einkum af stækkun útlánasafns bankans en það stækkaði um 17,4% frá 30. júní 2006 til 30. júní 2007. Jafnframt skýrist þetta af viðbótarframlögum í afskriftarsjóð á móti skilgreindum útlánasöfnum.

*Gjaldfærður tekjuskattur* á fyrri hluta ársins 2007 var 9.888 m.kr., sem jafngildir 17,5% af hagnaði fyrir tekjuskatt, en var 5.213 m.kr. á sama tímabili árið 2006, eða 13,9% af hagnaði fyrir tekjuskatt.

## Efnahagsreikningur

### Eignir

Heildareignir bankans 30. júní 2007 námu 4.570,4 mö.kr. og jukust um 515,0 ma.kr. frá áramótum eða um 12,7%. Aukning heildareigna bankans, að frádregnum áhrifum af 11,8% styrkingu krónunnar á fyrri helmingi ársins var 23,3%.

Útlán til viðskiptamanna jukust úr 2.538,6 mö.kr. í 2.609,1 ma.kr. eða um 2,8% frá áramótum (13,5% á föstu gjaldmiðlagengi) en kröfur á lánaðstofnanir fóru úr 485,3 mö.kr. í 684,2 ma.kr. frá áramótum sem er aukning um 41,0% en 54,0% hækkun á föstu gjaldmiðlagengi. Íbúðalán á Íslandi námu í lok júní 5,3% af heildarútlánnum bankans. Meðalveðsetningarhlutfall íbúðalána bankans nam 57% í lok júní.

Yfirtöku- og fjármögnunarútlánasafn bankans (e. Acquisition and leveraged finance portfolio) hækkaði úr 512,4 ma.kr. í 517,7 ma.kr. eða um 1,0% frá áramótum og nam í lok júní 20% af útlánnum til viðskiptamanna bankans. Í útlánasafninu eru alls 143 útlán og nema 5 stærstu útlánin 28% af safninu. Sífellt stærri hluti yfirtöku- og fjármögnunarútlánasafns bankans kemur til í tengslum við fyrirtækjaverkefni sem bankinn kemur beint að eða vinnur að í samvinnu við aðrar fjármálastofnanir. Af heildarlánnum í þessu útlánasafni voru 80% veitt í tengslum við fyrirtækja- eða samvinnuverkefni bankans.

*Fjáreignir* alls námu 861,9 mö.kr. þann 30. júní 2007 og jukust um 196,8 ma.kr. frá áramótum eða um 29,6%. Að teknu tilliti til styrkingar krónunnar jukust þær um 41,9%. Skuldabréf og aðrar vaxtaberandi eignir námu 399,8 mö.kr. þann 30. júní og jukust um 25,6% frá áramótum. Stöður í hlutabréfum og öðrum eignum með breytanlegum tekjum námu 141,4 mö.kr. þann 30. júní. Auk þess á bankinn hlutabréf að virði 182,0 ma.kr. sem gerðir hafa verið afleiðusamningar á móti. Bankinn ber ekki markaðsáhættu af 6,9 mö.kr. vegna hlutdeildar minnihluta eigenda í Norvestia, dótturfélagi bankans í Finnlandi. Skráð hlutabréf voru 70,1 ma.kr. eða um 1,5% af heildareignum bankans 30. júní. Þar af eru 18,2 ma.kr. vegna hlutabréfa sem skráð eru í OMX Norrænu kauphöllinni á Íslandi, eða 26%.

*Óskráð hlutabréf* námu 60,8 mö.kr. eða um 1,3% af heildareignum bankans þann 30. júní samanborið við 0,9% í byrjun ársins. Fimm stærstu stöður bankans í óskráðum hlutabréfum námu um 41% af verðmæti óskráðra hlutabréfa. Eftirfarandi tafla sýnir fimm stærstu stöður bankans í óskráðum hlutabréfum í lok ársfjórðungsins:

Félag	Land	Atvinnugrein	Eignarhluti
Símínn hf.	Ísland	Fjarskipti	28%
Lotus	Bandar.	Fjarskipti	33%
ADP	Bretland	Heilbrigðisþjónusta	40%
Icopal Holding A/S	Danmörk	Framleiðsla	15%
SPRON	Ísland	Fjármálaframtækni	5%

Kaupþing hefur stofnað sérstakan sjóð, *Kaupthing Capital Partners II*, sem mun halda utan um fjárfestingar bankans í óskráðum hlutabréfum. Þær eignir bankans í óskráðum hlutabréfum sem bankinn átti um síðastliðin áramót, verða ekki færðar inn í sjóðinn *Kaupthing Capital Partners II*.

Stjórn Kaupþings samþykkti á fjórða ársfjórðungi 2006 að eign bankans í skráðum og óskráðum hlutabréfum (Hlutabréf og hlutabréfasjóðir) skyldi vera innan við 35% af eiginfjárgrunni bankans. Þann 30. júní nam hlutfallið 27,5%. Þar af var hlutfall skráðra hlutabréfa 14,0% og óskráðra hlutabréfa 13,5% af eiginfjárgrunni.

Undanfarin tíu ár hefur hluti af starfsemi bankans falist í því að fjárfesta í óskráðum fyrirtækjum með það að markmiði að selja eignarhlutinn innan ákveðins tíma frá kaupum, til dæmis samhliða skráningu á markað. Í tengslum við þessar fjárfestingar hefur Kaupþing stutt við fyrirtæki með ráðgjöf og unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu þeirra, sameiningum og yfirtökum til að auðvelda þeim skráningu á markað. Dæmi um slíkt samstarf á undanförunum árum eru fyrirtækin Össur (stoðtækjaframleiðandi), Bakkavör Group (matvælaframleiðandi), Jane Norman og Mosaic Fashions (tískuvöruverslanir). Með þessu móti tekur Kaupþing þátt í uppbyggingu fyrirtækja sem Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings vinnur fyrir og sýnir í verki að hagsmunir bankans og viðskiptavina fara saman.

*Aðrar eignir* námu 106,1 mö.kr. þann 30. júní 2007 og lækka um 10,0% frá áramótum. Skýrist lækkunin einkum af lægri fjárhæð í óuppgerðum viðskiptum.

## Skuldir og eigið fé

Skuldir við lánastofnanir námu 170,1 mö.kr. þann 30. júní 2007 og jukust um 59,6 ma.kr. frá áramótum, eða 54,0%.

Innlán námu 1.210,2 mö.kr. 30. júní 2007 og jukust um 459,6 ma.kr. frá áramótum eða sem nemur 61,2%. Aukning innlána, að frádregnum áhrifum af 11,8% styrkingu krónunnar frá áramótum, nam 72,2%. Innlán námu samtals 26,5% af eignum bankans þann 30. júní, samanborið við 18,5% í ársbyrjun. Innlán sem hlutfall af útlánum til viðskiptamanna námu 46,4% í lok júní samanborið við 29,6% í upphafi ársins.

Lántökur námu 2.374,6 mö.kr. 30. júní, samanborið við 2.399,9 ma.kr. við upphaf árs og drógust saman um 25,4 ma.kr. frá ársbyrjun eða sem nemur 1,1%. Lántökur, að frádregnum áhrifum af 11,8% styrkingu krónunnar á árinu jukust hins vegar um 10,8%.

Eigið fé hluthafa var 324,4 ma.kr. þann 30. júní 2007 samanborið við 323,5 ma.kr. í byrjun ársins og eykst því um 0,9 ma. kr. eða 0,3%. 11,8% styrking krónunnar á fyrri helmingi ársins skýrir litla hækkun eigin fjár bankans frá áramótum. Þá hefur 10,3 ma.kr. arðgreiðsla bankans (14 kr. á hlut) í lok mars jafnframt áhrif. Þann 14. maí 2007 náði eignarhlutur bankans í norska fjármála- og tryggingarfélaginu Storebrand 20% og frá þeim degi var félagið meðhöndlað sem hlutdeildarfélag í reikningsskilum bankans. Þessi breyting leiðir til 5,1 ma.kr. lækkunar á eigin fé í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Frá árinu 2005 hefur bankinn ekki varið að fullu fjárfestingar í erlendum dótturfélögum gagnvart gengi krónunnar og þar með verið með misvægi í gengisjöfnuði. Misvægið leiðir til þess að ofangreind 11,8% styrking krónunnar á fyrstu sex mánuðum ársins færir til lækkunar á sérstakan eiginfjárreikning meðal eiginfjár í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Eiginfjárgrunnur bankans nam 451,0 mö.kr. þann 30. júní 2007. Eiginfjárlutfall samkvæmt CAD reglum var 13,4% þann 30. júní samanborið við 15,0% í ársbyrjun. Eiginfjárpáttur A (e. Tier I) var 10,3% en var 10,5% í ársbyrjun. Markmið stjórnenda bankans er að eiginfjárpáttur A sé yfir 8,0% og eiginfjárlutfall samkvæmt CAD reglum sé yfir 11,0%.

Þann 30. júní var útgefið hlutafé bankans 7.404.530.530 krónur að nafnvirði sem skiptist í 740.453.053 hluti. Hluthafar bankans þann 30. júní voru samtals 33.196. Stærstu hluthafar bankans eru Exista og tengd félög sem eiga samtals 23,0% og Kjalar og tengd félög með 9,9% hlut.

## Niðurstaða afkomusviða Kaupþings

Kaupþing skiptir rekstri sínum í fimm afkomusvið auk stoðsviða. Afkomusviðin eru: Bankasvið, Markaðsviðskipti, Fjárstýring, Fyrirtækjaráðgjöf og Eignastýring og einkabankþjónusta.

Á öðrum ársfjórðungi var hagnaður fyrir tekjuskatt hjá öllum afkomusviðum bankans. Mesti hagnaðurinn fyrir tekjuskatt á ársfjórðungnum var hjá Bankasviði en hann nam 10.812 m.kr. Markaðsviðskipti voru með 10.249 m.kr. hagnað, Fjárstýring með 4.407 m.kr. hagnað, Fyrirtækjaráðgjöf með 2.963 m.kr. hagnað og Eignastýring og einkabankþjónusta með 663 m.kr. hagnað. Taflan hér að neðan sýnir niðurstöðu afkomusviða á öðrum ársfjórðungi.

<i>Milljónir króna - 2. ársfj. 2007</i>	Bankasvið	Markaðs- viðskipti	Fjárstýring	Fyrirtækja- ráðgjöf	Eignastýring og Einka- bankþj.	Jöfnunar- færslur og önnur svið	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	15.691	524	4.884	-950	208	-508	19.849
Hreinar þóknatekjur	1.538	6.717	149	3.767	3.075	-57	15.189
Gengishagnaður	122	6.663	1.251	1.671	123	942	10.772
Aðrar tekjur	1.620	42	44	-34	-135	4.460	5.996
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>18.972</b>	<b>13.945</b>	<b>6.328</b>	<b>4.454</b>	<b>3.271</b>	<b>4.837</b>	<b>51.807</b>
Rekstrargjöld	-4.779	-2.806	-1.386	-1.140	-1.672	-7.235	-19.017
Virðisrýrnun	-1.082	1	6	0	0	0	-1.075
<b>Heildargjöld</b>	<b>-5.861</b>	<b>-2.805</b>	<b>-1.380</b>	<b>-1.140</b>	<b>-1.672</b>	<b>-7.235</b>	<b>-20.092</b>
<b>Framlegð</b>	<b>13.111</b>	<b>11.140</b>	<b>4.948</b>	<b>3.314</b>	<b>1.599</b>	<b>-2.397</b>	<b>31.715</b>
Útdeildur kostnaður	-2.299	-890	-541	-351	-935	5.017	0
<b>Afkoma fyrir tekjuskatt</b>	<b>10.812</b>	<b>10.249</b>	<b>4.407</b>	<b>2.963</b>	<b>663</b>	<b>2.619</b>	<b>31.715</b>

### Bankasvið

Bankasvið veitir einstaklingum almenna bankþjónustu á Íslandi og meðalstórum og stærri fyrirtækjum þjónustu sem jafnan felst í ráðgjöf og aðstoð við fjármögnun, einkum í Danmörku, Bretlandi, Svíþjóð og á Íslandi.

Hagnaður Bankasviðs fyrir tekjuskatt nam 10.812 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2007 og er það met hagnaður á ársfjórðungi. Rekstrartekjur Bankasviðs námu 18.972 m.kr. og jukust um 16,2% miðað við fyrsta fjórðung 2007. Aukning hreinna vaxtatekna skýrist af aukinni stærð útlánasafns bankans og auknum vaxtamun, meðal annars vegna hagstæðari fjármögnunar bankans og vegna aukinna innlána hjá Bankasviði. Heildargjöld námu 5.861 m.kr. og standa í stað miðað við fyrsta ársfjórðung 2007. Virðisrýrnun útlána dróst saman um 24,0% frá fyrsta ársfjórðungi 2007.

<i>Milljónir króna</i>	<b>2. ársfj. 2007</b>	<b>1. ársfj. 2007</b>	<b>4. ársfj. 2006</b>	<b>3. ársfj. 2006</b>	<b>2. ársfj. 2006</b>
Hreinar vaxtatekjur	15.691	13.423	12.471	11.959	11.264
Hreinar þóknatekjur	1.538	1.257	1.662	1.560	1.389
Gengishagnaður	122	94	320	63	164
Aðrar tekjur	1.620	1.555	1.712	1.722	1.977
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>18.972</b>	<b>16.329</b>	<b>16.165</b>	<b>15.305</b>	<b>14.794</b>
Rekstrargjöld	-4.779	-4.380	-4.602	-3.630	-3.433
Virðisrýrnun	-1.082	-1.425	-1.621	-1.684	-841
<b>Heildargjöld</b>	<b>-5.861</b>	<b>-5.805</b>	<b>-6.223</b>	<b>-5.313</b>	<b>-4.274</b>
<b>Framlegð</b>	<b>13.111</b>	<b>10.524</b>	<b>9.942</b>	<b>9.992</b>	<b>10.520</b>
Útdeildur kostnaður	-2.299	-2.407	-2.963	-1.567	-2.181
<b>Afkoma fyrir tekjuskatt</b>	<b>10.812</b>	<b>8.117</b>	<b>6.979</b>	<b>8.425</b>	<b>8.339</b>

### Markaðsviðskipti

Markaðsviðskipti og Eigin viðskipti bankans eru gerð upp sameiginlega undir heitinu Markaðsviðskipti. Markaðsviðskipti miðla verðbréfum fyrir viðskiptavini bankans. Eigin viðskipti stunda viðskipti fyrir eigin reikning bankans á öllum helstu mörkuðum, auk þess að sinna viðskiptavakt með hlutabréf og skuldabréf.

Hagnaður Markaðsviðskipta fyrir tekjuskatt nam 10.249 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2007 og er það met hagnaður á ársfjórðungi. Rekstrartekjur námu 13.945 m.kr. samanborið við 13.396 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2007. Hækkun þóknanatekna í ársfjórðungnum skýrist einkum af auknum umsvifum bankans í Bretlandi, Danmörku, Lúxemborg og á Íslandi. Hreinar vaxtatekjur námu 524 m.kr. á ársfjórðungnum og er það mikil breyting frá því sem verið hefur. Skýringin á þessari breytingu er einkum sú að verðbólga á Íslandi var mun hærrí á öðrum ársfjórðungi en ársfjórðungnum á undan auk þess sem bankinn hefur dregið nokkuð úr stöðutökum í hlutabréfum í skráðum félögum. Gengishagnaður dregst verulega saman á milli ársfjórðunga en fyrsti ársfjórðungur var bankanum óvenju hagfelldur, einkum vegna hagnaðar af eignarhlut í norska trygginga- og fjármálatyrtækinu Storebrand sem nú er orðið að hlutdeildarfélagi í reikningum bankans. Heildargjöld námu 2.805 m.kr. og aukast þau á milli ársfjórðunga. Í ljósi sérlegra hárra þóknanatekna á sviðinu hækka árangurstengdar launagreiðslur á milli fjórðunga og skýrir það að mestu aukningu rekstrargjaldanna.

<i>Milljónir króna</i>	<b>2. ársfj.</b> <b>2007</b>	<b>1. ársfj.</b> <b>2007</b>	<b>4. ársfj.</b> <b>2006</b>	<b>3. ársfj.</b> <b>2006</b>	<b>2. ársfj.</b> <b>2006</b>
Hreinar vaxtatekjur	524	-564	-286	-509	605
Hreinar þóknanatekjur	6.717	4.126	2.807	2.258	2.018
Gengishagnaður	6.663	9.778	4.407	2.269	-6.515
Aðrar tekjur	42	56	0	0	0
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>13.945</b>	<b>13.396</b>	<b>6.928</b>	<b>4.018</b>	<b>-3.892</b>
Rekstrargjöld	-2.806	-2.412	-2.558	-1.418	-1.370
Virðisrýrnun	-1	0	0	0	123
<b>Heildargjöld</b>	<b>-2.805</b>	<b>-2.411</b>	<b>-2.558</b>	<b>-1.418</b>	<b>-1.493</b>
<b>Framlegð</b>	<b>11.140</b>	<b>10.985</b>	<b>4.370</b>	<b>2.600</b>	<b>-5.385</b>
Útdeildur kostnaður	-890	-1.163	-1.034	-659	-908
<b>Afkoma fyrir tekjuskatt</b>	<b>10.249</b>	<b>9.822</b>	<b>3.336</b>	<b>1.942</b>	<b>-6.293</b>

### Fjárstýring

Starfsemi Fjárstýringar skiptist í fjármögnun bankans og millibankaborð. Sú skipulagsbreyting átti sér stað innan bankans þann 1. janúar síðastliðinn að gjaldeyris- og afleiðumiðlun voru færð frá Fjárstýringu yfir í Markaðsviðskipti og eru þau því hluti af uppgjöri Markaðsviðskipta. Samanburðartölum þessara tekjusviða hefur verið breytt.

Hagnaður Fjárstýringar fyrir tekjuskatt nam 4.407 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2007. Rekstrartekjur námu 6.328 m.kr. og jukust um 59,1% frá fyrri ársfjórðungi 2007. Skýring hækkunarinnar er gengishagnaður upp á 1.251 m.kr. í fjórðungnum samanborið við 441 m.kr. gengistap á fyrsta ársfjórðungi 2007. Þessi breyting skýrist að hluta af viðsnúningi á afleiðustöðum sem voru neikvæðar á fyrsta ársfjórðungi. Hreinar vaxtatekjur jukust um 10,3% á öðrum ársfjórðungi miðað við fyrsta ársfjórðung 2007. Helsta skýring aukningarinnar er hærrí verðbólga á Íslandi á öðrum ársfjórðungi. Heildargjöld námu 1.380 m.kr. í öðrum ársfjórðungi og hækkuðu um 57,6% frá fyrsta ársfjórðungi 2007. Skýrist hækkunin einkum af árangurstengdum launagreiðslum á sviðinu.



	2. ársfj. 2007	1. ársfj. 2007	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006	2. ársfj. 2006
<i>Milljónir króna</i>					
Hreinar vaxtatekjur	4.884	4.428	3.328	2.324	3.272
Hreinar þóknatekjur	149	-75	262	-108	367
Gengishagnaður	1.251	-441	2.828	3.072	1.109
Aðrar tekjur	44	67	23	1	2
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>6.328</b>	<b>3.978</b>	<b>6.441</b>	<b>5.288</b>	<b>4.750</b>
Rekstrargjöld	-1.386	-875	-937	-758	-701
Virðisrýrnun	-6	0	0	1	-2
<b>Heildargjöld</b>	<b>-1.380</b>	<b>-875</b>	<b>-938</b>	<b>-759</b>	<b>-699</b>
<b>Framlegð</b>	<b>4.948</b>	<b>3.103</b>	<b>5.503</b>	<b>4.529</b>	<b>4.051</b>
Útdeildur kostnaður	-541	-561	-664	-370	-484
<b>Afkoma fyrir tekjuskatt</b>	<b>4.407</b>	<b>2.541</b>	<b>4.839</b>	<b>4.159</b>	<b>3.567</b>

### Fyrirtækjaráðgjöf

Fyrirtækjaráðgjöf sér meðal annars um að aðstoða fyrirtæki við hlutafjárútböð og veita ráðgjöf við samruna og yfirtökur.

Hagnaður Fyrirtækjaráðgjafar fyrir tekjuskatt nam 2.963 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2007. Rekstrartekjur námu 4.454 m.kr. en voru 6.433 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2007. Hreinar þóknatekjur námu 3.767 m.kr. á fjórðungnum og jukust um 8,1% á milli ársfjórðunga. Verulega dró úr gengishagnaði á milli ársfjórðunga og skýrir það að mestu minni hagnað á sviðinu. Heildargjöld námu 1.140 m.kr. og hækkuðu um 432 m.kr. frá fyrsta ársfjórðungi. Þessi hækkun skýrist einkum af afkomutengdum launagreiðslum í tengslum við auknar þóknatekjur og auknum rekstrarkostnaði vegna aukinna umsvifa á sviðinu.

	2. ársfj. 2007	1. ársfj. 2007	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006	2. ársfj. 2006
<i>Milljónir króna</i>					
Hreinar vaxtatekjur	-950	-1.095	-914	-961	-624
Hreinar þóknatekjur	3.767	3.483	3.792	1.295	2.471
Gengishagnaður	1.671	3.980	4.592	31.652	2.505
Aðrar tekjur	-34	65	7	-142	-84
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>4.454</b>	<b>6.433</b>	<b>7.477</b>	<b>31.845</b>	<b>4.268</b>
Rekstrargjöld	-1.140	-708	-1.310	-562	-1.208
Virðisrýrnun	0	0	-4	0	2
<b>Heildargjöld</b>	<b>-1.140</b>	<b>-707</b>	<b>-1.306</b>	<b>-562</b>	<b>-1.210</b>
<b>Framlegð</b>	<b>3.314</b>	<b>5.726</b>	<b>6.171</b>	<b>31.283</b>	<b>3.058</b>
Útdeildur kostnaður	-351	-432	-123	-203	-340
<b>Afkoma fyrir tekjuskatt</b>	<b>2.963</b>	<b>5.294</b>	<b>6.048</b>	<b>31.080</b>	<b>2.718</b>

### Eignastýring og einkabankþjónusta

Starfsemi Eignastýringar og einkabankþjónustu skiptist í fjóra meginþætti: Sjóðastýringu, einkabankþjónustu, eignastýringu fyrir fagfjárfesta og þjónustu fyrir fagfjárfesta.

Hagnaður Eignastýringar og einkabankþjónustu fyrir tekjuskatt nam 663 m.kr. á öðrum ársfjórðungi. Rekstrartekjur sviðsins námu 3.271 m.kr. og drógust þær saman um 15,0% frá fyrsta ársfjórðungi. Hreinar þóknatekjur námu 3.075 m.kr. og lækkuðu um 9,9% frá fyrsta ársfjórðungi 2007 en þá voru árangurstengdar þóknar verulegar. Heildargjöld námu 1.672 m.kr. og lækka um 16,5% á milli ársfjórðunga.

	2. ársfj.	1. ársfj.	4. ársfj.	3. ársfj.	2. ársfj.
<i>Milljónir króna</i>	2007	2007	2006	2006	2006
Hreinar vaxtatekjur	208	324	254	167	234
Hreinar þóknatekjur	3.075	3.414	3.221	2.544	2.837
Gengishagnaður	123	28	110	91	134
Aðrar tekjur	-135	81	605	357	0
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>3.271</b>	<b>3.847</b>	<b>4.190</b>	<b>3.160</b>	<b>3.205</b>
Rekstrargjöld	-1.672	-2.002	-2.037	-1.660	-1.745
Virðisrymun	0	0	0	1.138	0
<b>Heildargjöld</b>	<b>-1.672</b>	<b>-2.002</b>	<b>-2.037</b>	<b>-2.798</b>	<b>-1.745</b>
<b>Framlegð</b>	<b>1.599</b>	<b>1.845</b>	<b>2.153</b>	<b>361</b>	<b>1.460</b>
Útdeildur kostnaður	-935	-1.070	-823	-766	-873
<b>Afkoma fyrir tekjuskatt</b>	<b>663</b>	<b>775</b>	<b>1.330</b>	<b>-405</b>	<b>587</b>

Fjármunir í vörslu bankans námu 2.360 mö.kr. 30. júní 2007 og jukust um 20,9% frá áramótum. Eignir í stýringu námu 1.562 mö.kr. þann 30. júní 2007 og jukust um 11,3% frá áramótum (20,1% án gengisáhrifa).

## Helstu atburðir á öðrum ársfjórðungi

### Kaupþing selur allt hlutafé í Eik fasteignafélagi hf.

Kaupþing seldi þann 4. apríl síðastliðinn allt hlutafé í Eik fasteignafélagi hf. Kaupverðið var greitt með reiðufé. Hagnaður Kaupþings banka vegna sölunnar nam 4.262 m.kr. Hagnaður Eikar fasteignafélags hf. árið 2006 nam 582 m.kr. fyrir skatta.

### Kaup á 20% hlut í FiNoble Advisors á Indlandi

Kaupþing undirritaði þann 18. júní samning um kaup á 20% hlut í indverska fjármálafyrirtækinu FiNoble Advisors Private Ltd (FiNoble). Auk þess hefur bankinn rétt til að kaupa eftirstandandi 80% hlut í félaginu eftir 5 ár. Með þessari fjárfestingu hefur Kaupþing tryggt sér aðgang að hinum ört vaxandi indverska fjármálamarkaði. Kaupin hafa óveruleg áhrif á afkomu Kaupþings á þessu ári.

### Kaupþing eignast 20% í Storebrand

Þann 14. maí varð eignarhlutur Kaupþings banka í norska trygginga- og fjármálafyrirtækinu Storebrand ASA samtals 20,0%. Frá þeim degi hefur bankinn fært Storebrand sem hlutdeildarfélag í reikningum sínum. Afkoma Storebrand mun því hér eftir verða bókuð hlutfallslega í gegnum rekstrarreikning Kaupþings.

## Fjármögnun og láns hæfi

### Innlán umfram áætlanir

Kaupþing banki setti sér það markmið í upphafi árs að hlutfall innlána af útlánum til viðskiptavina næmi 40% fyrir mitt ár 2008, en því markmiði hefur þegar verið náð. Miðað við 30. júní var þetta hlutfall 46,4% en til samanburðar nam hlutfallið 29,6% í upphafi árs. Innlán á öðrum ársfjórðungi jukust um 318 milljarða króna. Heildarinnlán nema nú 1.210,2 milljörðum króna sem er aukning um 82,6% undanfarna 12 mánuði.

### Vel heppnuð endurkoma inná Evrumarkaðinn og japanska skuldabréfamarkaðinn

Skuldabréf upp á 500 milljónir evra, til tveggja ára og með fljótandi vöxtum, voru gefin út í júní og var þetta fyrsta almenna útgáfa bankans í Evrópu síðan 2005. Mikill áhugi var meðal evrópskra fjárfesta og tóku 65 þátt í útboðinu. Þá gaf bankinn einnig út víkjandi skuldabréf til fjárfesta í Evrópu í júní fyrir 250 milljónir evra. Með þessari útgáfu nýtti bankinn sér markaðstæður til að ná fram hagstæðum kjörum á víkjandi skuldabréfum. Auk þess fylgdi bankinn eftir vel heppnaðri fyrstu útgáfu á Samurai bréfum í Japan í fyrra með því að gefa aftur út skuldabréf í Japan í júní fyrir 28 milljarða jena.

Aukinn skilningur fjárfesta á stefnu bankans og útgáfa bankans á sérhönnuðum skuldabréfum til einkasölu til fagfjárfesta, hefur leitt til þess að skuldatryggingaálag bankans hefur lækkað að meðaltali um 21 punkt á fyrri helmingi þessa árs borið saman við árið 2006.

### **Traust lausafjárstaða**

Lausafjárstaða bankans hefur styrkst og við lok annars fjórðungs er handbært fé 1.322 milljarðar króna (15.732 milljónir evra). Það dugar til að standa skil á öllum skuldbindingum bankans í 591 dag.

### **Þróun lánsþæfismats að undanfögnu**

Japanska matsfyrirtækið R&I (e. Rating and Investment Information), hefur nýlega gefið Kaupþingi banka lánsþæfiseinkunnina A+ og metur horfurnar stöðugar. R&I er þriðja matsfyrirtækið sem metur bankann. Hin eru Moody's og Fitch sem gefa bankanum lantímaeinkunnina Aa3 og A.

### **Horfur**

Rekstur Kaupþings gengur vel og gera forsvarsmenn bankans ráð fyrir að rekstrarniðurstöður ársins verði vel viðunandi. Horfur á þeim mörkuðum sem bankinn starfar á eru að mestu leyti hagstæðar fyrir þá starfsemi og þjónustu sem bankinn byggir rekstur sinn á.

Starfsmönnum bankans hefur fjölgað um 15,6% á síðustu tólf mánuðum. Talsverður hluti þessara starfsmanna er í framlínustörfum, þ.e. þóknunaskapandi störfum. Þessar ráðningar eru í samræmi við þá stefnu bankans að auka við þóknunatekjur samstæðunnar og er þessi stefna byrjuð að skila árangri.

Fjármögnun bankans gengur vel og hefur hlutfall innlána af heildarútlánum bankans farið hækkandi. Í lok júní var hlutfallið 46,4% en stefna bankans er að auka vægi innlána í fjármögnun bankans.

Arðsemi eigin fjár nam 32,0% á fyrri helmingi ársins á ársgrundvelli og er það umtalsvert hærra arðsemi en samkvæmt yfirlýstu markmiði bankans, sem er að ná yfir 15% arðsemi á eigið fé á ári til lengri tíma. Hafa verður þó í huga að rekstur banka eins og Kaupþings er háður óvissu, svo sem þróun fjármálamarkaða og ýmsum öðrum þáttum sem ekki eru á valdi bankans.

## Fimm ára pro forma yfirlit

### Rekstrarreikningur

Milljónir króna	6M 2007	2006	2005	2004	2003
Hreinar vaxtatekjur	36.115	52.362	32.710	18.259	10.124
Aðrar rekstrartekjur	59.752	114.854	69.488	31.687	21.656
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>95.866</b>	<b>167.216</b>	<b>102.198</b>	<b>49.946</b>	<b>31.780</b>
Önnur rekstrargjöld	-36.724	-60.006	-35.524	-23.625	-18.493
Virðisrýrnun	-2.498	-6.127	-4.389	-3.825	-3.894
Tekjuskattur	-9.888	-14.636	-11.228	-4.237	-1.486
<b>Hagnaður eftir tekjuskatt</b>	<b>46.756</b>	<b>86.447</b>	<b>51.056</b>	<b>18.258</b>	<b>7.907</b>
Hagnaður hluthafa	45.765	85.302	49.260	17.707	7.520
Hlutdeild minnihluta	990	1.145	1.796	552	387

### Efnahagsreikningur

Milljónir króna	30.6.2007	2006	2005	2004	2003
<b>Eignir</b>					
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	145.011	106.961	34.877	6.290	-
Kröfur á lánastofnanir	684.191	485.334	195.594	174.310	-
Lán til viðskiptamanna	2.609.107	2.538.609	1.543.700	980.107	-
Skuldabréf á gangvirði	399.846	318.264	390.575	202.934	-
Hlutabréf á gangvirði	141.404	159.020	114.355	86.122	-
Afleiðusamningar	68.267	65.454	21.047	13.085	-
Samningar vegna áhættuvarna	5.810	6.453	4.459	3.820	-
Verðbréf á móti samningum	246.566	115.938	82.098	0	-
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	50.877	5.304	13.888	3.649	-
Óefnislegar eignir	62.504	68.301	54.943	35.098	-
Fjárfestingarfasteignir	16.437	31.584	24.156	19.155	-
Rekstrarfjármunir	27.815	30.466	22.433	6.092	-
Skatteign	6.442	5.834	5.004	1.092	-
Aðrar eignir	106.078	117.874	33.682	22.700	-
<b>Eignir samtals</b>	<b>4.570.354</b>	<b>4.055.396</b>	<b>2.540.811</b>	<b>1.554.453</b>	<b>558.569</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>					
Innlán	1.210.246	750.657	486.176	202.193	182.497
Víkjandi lán	223.802	216.030	102.688	57.623	10.704
Aðrar skuldir	2.801.570	2.753.816	1.749.436	1.135.728	308.837
Hlutdeild minnihluta	10.374	11.382	8.329	9.539	10.603
Eigið fé	324.361	323.510	194.183	149.370	45.928
<b>Samtals skuldir og eigið fé</b>	<b>4.570.354</b>	<b>4.055.396</b>	<b>2.540.811</b>	<b>1.554.453</b>	<b>558.569</b>
<b>Lykiltölur</b>					
Kostnaðarhlutfall	38,3%	35,9%	34,8%	47,3%	58,2%
Arðsemi eigin fjár hluthafa	32,0%	42,4%	34,0%	25,5%	23,0%
Virðisrýrnun/heildarútlán	0,2%	0,2%	0,2%	0,4%	1,1%
Afskriftareikningur/útlán og ábyrgðir	0,6%	0,6%	0,7%	1,4%	2,4%
V/H hlutfall	7,9	6,6	9,9	12,4	12,2
Hagnaður á hlut	62,2	127,1	75,2	35,6	18,5
Hagnaður á hlut, útþynntur	60,4	123,4	73,9	35,1	18,4
Meðalfjöldi hluta, milljónir	736	671	655	497	406
Meðalfjöldi hluta, útþynnt, milljónir	758	691	666	505	411
Fjöldi hluta í lok tímabils, milljónir	737	732	664	652	438
Fjöldi hluta í lok tímabils, milljónir	759	752	675	660	443
Verð á hlut í lok tímabils	1.125	841	746	442	225

Námundun fjárhæða getur leitt til þess að fjárhæðir í töflum í þessari afkomutilkynningu stemmi ekki.

## Endurskoðun

Árshlutauppgjörið hefur verið kannað af endurskoðendum bankans.

## Kynningarfundur í Reykjavík

Kynningarfundur fyrir hluthafa og markaðsaðila verður haldinn miðvikudaginn 25. júlí kl. 8.30 á Nordica Hotel Reykjavík. Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, mun kynna afkomu bankans og svara spurningum. Mögulegt er að fylgjast með fundinum í rauntíma á vef bankans, [www.kaupthing.com/ir](http://www.kaupthing.com/ir). Einnig er hægt að hringja í númerin (Bretland) + 44 (0) 203 043 24 36, (Bandaríkin) +1 866 458 40 87 og (Svíþjóð) +46 (0)8 505 598 53 til að taka þátt í fundinum og leggja fram spurningar. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að fundinum loknum á vefjum Kaupþings, [www.kaupthing.com](http://www.kaupthing.com) og [www.kaupthing.is](http://www.kaupthing.is), vef OMX Norrænu kauphallarinnar á Íslandi [www.omx.is](http://www.omx.is) og á [www.huginonline.com](http://www.huginonline.com).

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um uppgjörið veita Jónas Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri Samskiptasviðs, í síma 444-6112 og Ólöf Hildur Pálsdóttir, Fjárfestatengslum í síma 444-6569 ([ir@kaupthing.net](mailto:ir@kaupthing.net)). Upplýsingar um Kaupþing er einnig hægt að nálgast á heimasíðum bankans [www.kaupthing.is](http://www.kaupthing.is) og [www.kaupthing.com](http://www.kaupthing.com)

## Næstu uppgjör Kaupþings banka hf.

26. október      Árshlutareikningur 3. ársfjórðungur

31. janúar 2008      Ársreikningur 2007

*Kaupþing banki hf. veitir alhliða viðskipta- og fjárfestingarbankaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og fagfjárfesta. Bankinn er í forystu á nær öllum helstu sviðum íslensks fjármálamarkaðar en auk Íslands eru mikilvægustu markaðssvæði bankans Bretland og Danmörk. Kaupþing banki hf. leggur áherslu á vöxt og þróun alþjóðlegrar starfsemi sinnar og stefnir að því að vera í hópi leiðandi fyrirtækja- og fjárfestingarbanka í Norður-Evrópu.*

*Kaupþing banki hf. er með starfsemi í tíu löndum og eru höfuðstöðvar bankans í Reykjavík. Helstu dótturfélög bankans eru FIH Erhvervsbank í Danmörku, Kaupthing Singer & Friedlander í Bretlandi, Kaupthing Bank Sverige, Kaupthing Bank Luxembourg, Kaupthing Bank Oyj og Norvestia Oyj í Finnlandi, Kaupthing New York, Kaupthing Asset Management í Sviss, Kaupthing Norge, Arion og Kaupþing Líftryggingar hf. á Íslandi, auk þess sem bankinn starfrækir útibú í Færeyjum. Þann 30. júní 2007 voru 2.970 stöðuígildi hjá samstæðunni.*